

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi „Vellir, 6. áfangi, Klukkuvellir 4-8“.*

Í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 24. október 2012 breytingu á deiliskipulagi Valla, 6. áfanga, á lóð við Klukkuvelli 4-8 í Hafnarfirði.

Breytingin felst í því að í stað þriggja íbúða raðhúss á tveimur hæðum með innbyggðum bílgeymslum verði þrjú stök íbúðarhús á tveimur hæðum, hvert um sig með tveimur íbúðum án innbyggðra bílgeymslna. Bílastæðum fjölgar á lóð og byggingarreitir breytast örlítið.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gögn afhent Skipulagsstofnun til varðveislu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 15. nóvember 2012,*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.